

Skaftárhreppur  
b/t Ólafur E Júlíusson  
Klausturvegi 15  
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík 31. maí 2019  
UST201905-264/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Hrífunes - Skaftárhreppi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélag er barst 22. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir Hrífunes í Skaftárhreppi.

Í greinargerð kemur fram að skilgreindur verður nýr byggingarreitur við núverandi gistihaus. Byggingin rúmar gistiherbergi ásamt íbúð fyrir staðarhaldara og er hún einnar hæðar með kjallara. Leyfilegt byggingarmagn á reitnum er 420 m<sup>2</sup>.

#### **Fjöldi gesta**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hversu mörg gistiþláss eru í gistiheimilinu.

#### **Veitur**

Í greinargerð kemur fram að undir dæluskúr er borhola með köldu vatni. Dæluskúrinn er fyrir utan deiliskipulags- og lóðarmörkin. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í greinargerð með skýrum hætti hvaðan rafmagn og kalt vatn er fengið.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um fráveitu í tillögunni, en öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægt er að gera grein fyrir fráveitu á uppdrætti til skýringar.

#### **Úrgangur**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig meðhöndlun úrgangs verður háttáð.

### Fjarlægð frá vegi

Í greinargerð er gert ráð fyrir íbúð fyrir staðarhaldara í nýrri byggingu. Umhverfisstofnun bendir á að í gr. 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir um samgöngur að utan þéttbýlis skal ekki staðsetja íbúðir eða frístundahús ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur